



Alþingi  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Búðardal 16.03.2021  
Mál.nr. 2101001

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hagkvæmisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar, 259. mál.**

Sveitarstjórn Dalabyggðar fjallaði um málið á 203. fundi sínum 27. febrúar s.l. undir 22. dagskrárið þar sem tillagan var lögð fram til kynningar.

Sveitarfélagið Dalabyggð vill ítreka fyrri umsagnir um stuðning við hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar og hvetur Alþingi til að samþykka þingsályktunartillöguna. Uppbygging Skógarstrandarvegar er mjög mikilvæg fyrir framtíðarþróun byggðar í Dölum og á Snæfellsnesi.

Úrbætur og viðhald á veginum hefur verið takmarkað á undanförnum árum sem er einkennilegt þegar litíð er til þess hversu mikil umferð er um hann enda oftar en ekki eina greiða leiðin á milli Dalabyggðar og annarra byggðarlaga. Vegna legu vegarinns er snjósöfnun á honum yfirleitt lítil eða nær engin og þyrfti því ekki að kosta miklu til að halda honum opnum árið um kring. Er vegurinn oft notaður til farm- og fólksflutninga þegar leiðir um Bröttubrekku og Holtavörðuheiði eru lokaðar en fært um Laxárdalsheiði og Skógarströnd.

Í Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029 segir m.a.: „*Vegurinn er illa farinn og á honum fjöldi einbreiðra brúa. Slys eru tíð og nauðsynlegt að grípa til viðeigandi endurnýjunar - ekki síst í ljósi aukinnar umferðar. Vegurinn er uppbyggður en án slitlags.*“

Hefur þetta ekki breyst frá útgáfu áætlunarinnar og ef eitthvað hefur umferð um veginn aðeins aukist frá 2017. Þennan veg fara margir ferðamenn á milli Snæfellsness og Dala og hefur ferðaþjónusta byggst upp við veginn ásamt því að þar er stundaður hefðbundinn búskapur og heilsársbúseta. Þannig fara skólabílar um veginn og einnig þarf mjólkurbíll að fara hluta af leiðinni.

Þá hefur verið lagt af stað í verkefnið „Vestfjarðaleiðin“ þar sem Dalirnir verða hluti af nýrri ferðaleið og er ótækt að hamla þátttöku einstakra ferðaþjónustuaðila vegna lélegra samgangna þegar slík ferðaleið getur orðið lyftistöng fyrir svæðið.

Líkt og segir í greinagerð þingsályktunartillögunnar kom Skógarstrandarvegur ekki vel úr rannsókn á slysatiðni á vegum. Margar varúðarmerkingar eru á veginum en þrátt fyrir merkingar verða reglulega slys og óhöpp á honum.

Dalabyggð vill taka enn og aftur undir þingsályktunartillöguna. Sveitarfélagið væntir þess að hagkvæmisathugun leiði í ljós að uppbygging vegarins hefði verulega jákvæð áhrif á þróun byggðar, atvinnuuppbyggingu svæðisins og almennar ferðir bæði íbúa og ferðamanna um veginn.

F.h. Dalabyggðar  
Kristján Sturluson  
Sveitarstjóri

The seal is oval-shaped with the text "SVEITARSTJÓRI" at the top and "DALABYGGÐAR" at the bottom. In the center is a stylized logo featuring a shield with a tree and water, surrounded by waves.